



Félagsmálaráðuneytið
Ásmundur Einar Daðason, ráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2020

Ágæti ráðherra.

Covid-19 faraldrinum sem nú geysar um heimsbyggðina fylgja miklar áskoranir. Faraldurinn hefur áhrif á félagslega og fjárhagslega stöðu margra einstaklinga og fjölskyldna í landinu. Mikilvægt er að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, verji af fremsta megni efnalítlar barnafjölskyldur og einstaklinga sem búa við fátækt í þeim aðgerðum sem gripið er til vegna þessa.

Velferðarvaktin hefur verið ráðgefandi aðili fyrir viðbragðsteymi velferðarþjónustu í fyrstu og síðar í uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19. Uppbyggingarteymið hefur það hlutverk að safna og miðla upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu vegna faraldursins og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er þetta varðar. Velferðarvaktin hefur fengið stöðuskýrslur teymanna og fundað reglulega með þeim til að koma tillögum sínum á framfæri og fá upplýsingar frá stjórnvöldum og fleirum um hver staðan er á hverjum tíma.

Nú þegar hefur verið tekið tillit til ýmissa tillagna Velferðarvaktar í mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna Covid-19 faraldursins, en ætla má að grípa þurfið til frekari úrræða sérlega í ljósi þess að faraldurinn stendur lengur yfir en gert var ráð fyrir í fyrstu. Velferðarvaktin hefur um árábil staðið fyrir rannsóknum og lagt fram tillögur til stjórnvalda sem miða að því að draga sem mest úr fátækt og fyrirbyggja hana. Ýmsum neðan greindum tillögum er lýst betur með ítarefni á vefsvæði vaktarinnar.

Þann 1. desember sl. samþykkti Velferðarvaktin að beina því til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að hafa eftirfarandi áherslur að leiðarljósi í þeim mótvægisáðgerðum sem fram undan eru vegna Covid-19.

1. Stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, vinni stefnumótun og aðgerðaráætlun gegn fátækt efnalíttilla barnafjölskyldna, þ.a. afleiðingar faraldursins verði sem minnstar á börn og ungmenni. Hafa má norsku stefnuna gegn barnafátækt, *Like muligheter i oppveksten – Regjeringens samarbeidsstrategi for barn og ungdom i lavinntektsfamilier 2020-2023*, til hliðsjónar. Reykjavíkurborg hefur nú þegar hafið slíka vinnu undir fyrirsögninni *Aðgerðaráætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra – október 2020*.
2. Hafin verið endurskoðun á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem skýrslan *Framkvæmd fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga – virkni og valdefling frá 2019* verði höfð til hliðsjónar. Þar er m.a. lagt til að skilgreind verði grunnfjárhæð til framfærslu og að heimildargreiðslur verði samræmdar milli sveitarfélaga.
3. Biðtími eftir afgreiðslu atvinnuleysisbóta, endurhæfingalífeyris og örorkulífeyris er of langur og hefur lengst m.a. vegna aukins álags hjá þeim stofnunum sem að máli koma, innlendum sem erlendum. Kannaðir verði

möguleikar á að veita lán frá stofnun þar sem biðtími er, þ.a. fólk verði ekki tekjulaust á biðtíma. Láni verði breytti í styrk ef réttur til bóta er fyrir hendi að biðtíma loknum.

4. Unnið verði að því að sporna gegn félagslegri einangrun og einmanaleika aldraðra sem orðið hefur vegna Covid-19. Eldri borgarar hafa víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun m.a. vegna sóttkvíar og innlokunar. Því er mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir sem auka lífsgæði þeirra og draga úr einmanaleika
5. Aðgengi fólks að upplýsingagjöf um réttindi þeirra í velferðarþjónustu verði bætt.
6. Hámarksgreiðslur barnabóta, sem nýtast einstæðum foreldrum og tekjulægsta hópnum, verði hækkaðar.
7. Hagur öryrkja og barna þeirra verði bættur.
8. Niðurgreiðslur vegna íþrótt- og tómsundastarfs barna sem búa við fjárhagsþrengingar verði auknar.
9. Börnum sem búa við fjárhagsþrengingar verði tryggðar ókeypis skólamáltíðir.
10. Skólastjórnendur sjái til þess að aðgengi að viðeigandi tölvubúnaði hamli ekki námi barna.
11. Unnið verði markvisst að því að draga úr brotthvarf úr námi m.a. með auknu aðgengi að skólaheilsugæslu, geðheilbrigðisþjónustu og félagsráðgjöf.
12. Biðlistum eftir þjónustu fyrir börn s.s. hjá BUGL, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þroska- og hegðunarstöð, talmeinafræðingum og bið eftir geðrænni þjónustu hjá heilsugæslu verði útrýmt.
13. Börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda, fíknivanda og eða langvinna líkamlega sjúkdóma fái aukinn stuðning við hæfi frá nærsamfélaginu með samvinnu skóla, heilsugæslu, þjónustumiðstöðva og barnaverndar. Stuðningur komi meira heim.
14. Sérstök áhersla verði lögð á þau landssvæði sem verða mest fyrir barðinu á faraldrinum þegar mótvægisáðgerðir eru útfærðar.

Fyrir hönd Velferðarvaktarinnar,

Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar